

## VERKEFNI

### Í FRÉTTUM ER ÞETTA HELST...

Í verkefninu skoða nemendur fréttamiðla til að efla vitund um mannréttindi í daglegu lífi þar sem mannréttindi eru brotin, þeirra notið og þau vernduð.

### MARKMIÐ

1. Að nemendur fái þjálfun í að tengja mannréttindi við daglegt líf og kynnist Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.
2. Að nemendur fái þjálfun í lessikliningi, í að draga ályktanir, beita gagnrýnni hugsun og röksemdarfærslu.
3. Að nemendur fái þjálfun í samstarfi við aðra.
4. Að nemendur fái þjálfun til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýnninn hátt.

### LENGD

30-90 MÍNÚTUR

### ALDUR

13+

### UNDIRBÚNINGUR

- Nýleg dagblöð og tímarit, bæði erlend og innlend
- Plaköt, skæri, lím, kennaratyggjó og tússlitir
- Eintök af Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna
- Hægt er að nota tölvur eða síma til að skoða netmiðla og útbúa kynningu í netheimum

### ÞETTA VERKEFNI ER Í ÞREMUR SKREFUM:

1. Fjölmíðlaumfjöllun greind (30-70 mínútur)
2. Hvað næst? (Valfrjálst)
3. Gríptu til aðgerða! (5-20 mínútur)

### SKREF 1: FJÖLMIÐLAUMFJÖLLUN GREIND (70 MÍNÚTUR)

#### Hópavinna 1 (10-30 mínútur)

- Nemendum er skipt í litla hópa. Hver hópur fær dagblöð og tímarit til að vinna með ásamt skærum, lími, plakati og litum.
- Hver hópur fer í gegnum dagblöðin og tímaritin og finnur fréttir og umfjallanir sem flokka má eftirfarandi:
  - Réttindi sem fólk nýtur
  - Réttindi sem fólk er neitað um
  - Réttindi sem eru vernduð

- Réttindi sem rekast á

Gott er að benda nemendum á að skoða ekki einungis fréttir heldur einnig auglýsingar, tilkynningar, aðsend bréf, leiðara, dálkaskrif og annað.

- Þegar nemendur hafaundið nokkur dæmi fyrir hvern flokk velur hver hópur eitt dæmi úr hverjum flokki til að greina betur á eftirfarandi hátt og líma á plakát:
  1. Hvaða réttindi eru til umræðu í þessari umfjöllun? Skrifðu niður stikkorð við hlið dæmis á plakati.
  2. Finnið þá grein/þær greinar í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna sem ná yfir réttindin og skrifðu númer greinarinnar/greinanna við hlið stikkorðanna

### Allir (10-20 mínútur)

- Næst velur hver hópur sér talsmann til að kynna fyrir öðrum hópum (í stuttu máli) frá niðurstöðum. Hver hópur velur 1-2 dæmi til að skýra nánar frá:
  - Hvaða réttindi tengjast umfjölluninni?
  - Hvaða grein/greinar Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna tengjast umfjölluninni?

### Ígrundun (10-20 mínútur)

- Í lok verkefnisins er tilvalið að allur hópurinn ræði eftirfarandi spurningar:
  1. Hvaða flokk réttinda var auðveldast/erfiðast að finna í fjölmiðlum?
  2. Komu einhverjar greinar mannréttindayfirlýsingarinnar ítrekað fyrir? Komu einhverjar greinar aldrei fyrir? Er einhver leið að útskýra það?
  3. Hversu margar umfjallanir nefndu mannréttindi með beinum orðum? Hversu margar umfjallanir fjölluðu um mannréttindamál en notuðu ekki hugtakið mannréttindi eða mannréttindabrot? Af hverju haldið þið að þessi hugtök hafi ekki verið nefnd í þeim umfjöllunum?
  4. Ef lítið er til þessarar úttekta hver virðist staða mannréttinda vera í heiminum í dag? Erlendis og á Íslandi?
  5. Er einhver ástæða til að draga umfjöllun um þessi málefni í efa? Af hverju, af hverju ekki?
  6. Hvaða jákvæða framtaks eða aðgerða er gripið til vegna verndar og efnda á þeim mannréttindum sem rædd eru í fjölmiðlum? Hver grípur til aðgerða?

### SKREF 2: HVAÐ NÆST? (VALFRJÁLST)

Ef vilji og tími er til er hægt að vinna áfram með verkefnið. Hér að neðan eru tillögur að frekari verkefnum:

#### Höfum augun opin

Leyfið plakötunum að hanga uppi í skólastofunni eða frammi á gangi. Síðan geta nemendur haldið áfram að fylgjast með fréttumfjöllun sem tengist mannréttindum og mannréttindabrotum og bætt við á plakötin eftir því sem tækifæri gefst til. Hægt er að taka 10 mínútur í upphafi eða lok dags reglulega til að skoða það sem bæst hefur í flórana.

#### Samanburður á umfjöllun

Nemendur eru beðnir um að bera saman umfjallanir í mismunandi fréttamiðlum. Er umfjöllun mismunandi eftir dagblöðum, netfréttamiðlum eða sjónvarpsfréttastöðvum? Ef já, hver er munurinn? Er sjónarhornið og tónninn sá sami? Ef nei, hver er munurinn?

#### Könnun á umfjöllun í sjónvarpi

Nemendur eru beðnir um að horfa á sjónvarpsfréttir eða á sjónvarpsþátt um fréttatengt efni og greina umfjöllunina út frá mannréttindum og greinum Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. Nemendur geta svo borið saman bækur sínar í kennslustund og rætt málin undir leiðsögn kennara.

### SKREF 3: GRÍPTU TIL AÐGERÐA (5-20 MÍNÚTUR)

#### Allir (5-20 mínútur)

- Nemendur ræða hvað þeir geta gert til að efla umræðu um mannréttindi í fjölmiðlum og jafnvel benda á það sem betur má fara í umfjöllun um málefnið. Meðal annars gætu nemendur skrifað aðsent bréf og sent á fjölmiðla, vakið athygli á málefninu á samfélagsmiðlum, haldið umræðufund í skólanum, skipulagt rökræðukvöld nemenda o.fl.
- Ef áhugi er á að grípa til aðgerða og vekja frekari athygli á umfjöllun um mannréttindi í þjóðfélaginu er hægt að gefa nemendum tíma til að vinna betur að verkefninu á skólatíma.